

Með hliðsjón af 141. gr. laga nr. 27/1951 þykir rétt, að ákærði greiði kr. 500.00 af kostnaði máls þessa. Annar kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða þykja hæfilega ákveðin 1000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Skapti Davíðsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákærði greiði í sakarkostnað kr. 500.00. Annar sakarkostnaður greiðst úr ríkissjóði. Skipuðum verjanda ákærða, Magnúsi Thorlacius hrl., greiðist kr. 1000.0 í málsvarnarlaun.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1953.

Nr. 13/1952. **Jón E. Kristjónsson** (Guttormur Erlendsson)
gegn

Ólafi Árnayni f. h. Ólögráða sonar hans,
Árna Ólafssonar (Ragnar Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Skadabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1952. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 5. marz 1952. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 80.609.00 með 6% ársvöxtum frá 6. febrúar 1951 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst hann og viðurkenningar á lögveðrétti í bifreiðinni R 5639 (áður R 122) til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eins og atvikum að slysi því, er í málinu greinir, var háttað,

þykir rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda $\frac{3}{5}$ hluta þess tjóns, sem af hlaut.

Tryggingarfræðingur hefur af nýju reiknað örorkutjón gagnáfrýjanda, miðað við núgildandi kauplagsvísitölu, og telur það samkvæmt því nema kr. 121.750.00. Eftir atvikum þykir tjón vegna örorku gagnáfrýjanda hæfilega áætlað kr. 75.000.00. Annað tjón hans þykir hæfilega metið í héraðsdómi, og ber aðaláfrýjanda því að greiða gagnáfrýjanda $\frac{3}{5}$ hluta af kr. 90.225.00, þ. e. kr. 54.135.00, að frádregnum þeim kr. 30.000.00, er hann hefur þegar fengið greiddar, eða kr. 24.135.00 með vöxtum, eins og krafizt er. Þá ber aðaláfrýjanda og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00. Loks ber að viðurkenna lögveðrétt gagnáfrýjanda í bifreiðinni R 5639 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð :

Aðaláfrýjandi, Jón E. Kristjónsson, greiði gagnáfrýjanda, Ólafi Árnasyni f. h. Árna Ólafssonar, kr. 24.135.00 með 6% ársvöxtum frá 6. febrúar 1951 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á gagnáfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni R 5639 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. des. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. þ. m., hefur Ólafur Árnason, Grundarstíg 8, hér í bæ, f. h. Ólögráða sonar síns, Árna, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. febrúar s.l. gegn Jóni E. Kristjónssyni kaupmanni, Barmahlíð 46, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaslyss að fjárhæð kr. 80.609.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt lögveðs í bifreiðinni R 122 til tryggingar kröfum þessum.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þau, að þann 26. maí 1950 um kl. 19.30 varð stefnandinn Árni Ólafsson fyrir bifreiðinni R 122, eign stefnda, með þeim afleiðingum, að hann hlaut allmikið lemstur.

Stefndi skýrir svo frá atvikum, að í umrætt sinn hafi hann ekið bifreið sinni, R 122, sem er 5 farþega fólksflutningabifreið, norður Grundarstíg, hér í bænum, með um 30 km hraða miðað við klst. Er hann hafi verið kominn norður fyrir mót Grundarstígs og Bjargarstígs, hafi hann séð bifreið, er hafi staðið á vinstri vegarbrún og snúið í norður. Þegar hann hafi verið kominn rétt norður fyrir bifreið þessa, er hafi verið móts við húsið nr. 6 við Grundarstíg, hafi hann ekið á sem næst miðju götunnar og kveðst ekki hafa þá séð nein börn á götunni. Þannig hagar til þarna, að húsin nr. 4 og 6 við Grundarstíg eru sambyggð, þannig að milli þeirra er opinn yfirbyggður gangur inn á baklóðir húsanna. Er bifreiðin hafi verið stödd á móts við gang þennan, hafi drengur komið hlaupandi út úr ganginum og skáhalt til norðurs út á götuna. Hafi hann þá hemlað þegar í stað, en bifreiðin runnið nokkuð áfram og hafi vélarhlifin vinstra megin lent á hægri hlið drengsins og um leið hafi bifreiðin stöðvast. Drengurinn hafi kastast um 1½ m áfram og fallið á götuna. Stefndi tók drenginn, sem reyndist vera stefnandi, upp í bifreið sína og flutti hann á sjúkrahús. Síðan tilkynnti hann lögreglunni um slysið.

Stefnandi hefur ekki getað gefið skýrslu um slysið, en fram er komið, að hann var að leik með öðrum börnum þarna og hugðist hlaupa yfir götuna að húsinu nr. 5. Svo virðist sem börnin hafi falið sig og það verið eitt atriði leiksins.

Tvö börn, er þarna voru að leik, 11 ára og 10 ára að aldri, hafa skýrt svo frá, að þau hafi séð stefnanda koma út úr fyrrnefndum gangi og fela sig bak við bifreiðina, er þarna stóð rétt sunnan ganginn. Hann hafi síðan hlaupið út á götuna, en í þeim svifum hafi R 122 borið þar að og hún lent á drengnum.

Kona ein, er sá slys þetta úr glugga sínum, hefur skýrt frá atvikum mjög á sama hátt og stefndi. Telur hún, að bifreiðinni hafi ekki verið ekið hraðar en almennt gerist og verið snögghemlað í þann mund, er hún rakst á drenginn.

Löggæzlumenn komu á vettvang skömmu eftir slysið, en stefndi hafði þá ekið á braut, eins og áður greinir. Hemlaför R 122 sáust þá enn á götunni og mældust 7.30 m. Bifreið hafi staðið 1.5 m fyrir sunnan ganginn milli húsanna nr. 4 og 6 við Grundarstíg og skyggði hún á ganginn, er ekið var norður götuna. Hemlaförin eftir R 122 byrjuðu þvert út af syðri enda gangsins.

Bifreiðin R 122 var athuguð eftir slysið og reyndist í góðu lagi. Var henni ekið í malbikaðri götu með 30 km hraða miðað við klukkustund og snögghemlað og sáust þá 7 m hemlaför eftir öll hjól.

Af ákærvaldsins hálfu var höfðað mál gegn stefnda vegna slyss þessa. Með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 1. nóv. 1950, var hann talinn hafa gerzt brotlegur gegn ákvæðum 26. og 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941, ákvæðum 46. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar fyrir Reykjavík og 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðalaganna nr. 24 frá 1941.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi eigi einn

sök á slysi þessu með gálausum akstri og beri honum því að bæta allt tjón, sem af hafi hlotizt. Tryggingafélag það, sem bifreiðin var tryggð hjá, hefur þegar greitt kr. 30.000.00 til stefnanda vegna tjóns þessa.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að hann eigi enga sök á slysi þessu, heldur hafi það orðið fyrir gáleysi stefnanda. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að skipta beri ábyrgð á slysi þessu og sé þá hluti stefnda svo lítill, að stefnandi hafi þegar fengið bætt tjón sitt að þessu leyti með þeim kr. 30.000.00, sem þegar hafa verið greiddar.

Hér að framan hafa verið rakin atvik að slysi þessu. Af hemlaförunum er ljóst, að stefndi gat ekki stöðvað bifreið sína þegar í stað, eins og honum bar. Verður því að telja, að stefndi hafi ekið of hratt, eins og á stóð, enda er gatan fremur þröng og búast mátti við umferð um hana. Það verður því ekki talið leitt í ljós, að slysinu hafi ekki orðið afstýrt, þótt stefndi hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni við aksturinn. Ber stefndi því ábyrgð á tjóni því, er af hlaut, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna.

Stefnandinn Árni, sem var tæpra 7 ára að aldri, er slysið varð, virðist hins vegar einnig hafa hagað sér ógætilega í umrætt sinn, með því að hlaupa svo úr felum út á götuna, án þess að gæta að umferð um hana. Verður hann því talinn meðvaldur að slysinu. Með vísan til þessa og með hliðsjón af aldri stefnanda, er slysið varð, þykir rétt að skipta ábyrgð á tjóni af slysi þessu þannig, að stefndi bæti það að $\frac{1}{4}$ hlutum, en stefnandi beri $\frac{3}{4}$ hluta sjálfur.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkubætur	kr. 95.384.00
2. Þjána- og lýtabætur	— 15.000.00
3. Læknisathugun	— 75.00
4. Reikningur örorkutjóns	— 150.00

Kr. 110.609.00

Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi þær kr. 30.000.00, er þegar hafa verið greiddar, og kemur þannig fram stefnukrafan.

Um 1. Við slysið hlaut stefnandi kúlu á stærð við krúegg aftan á hnakka og hægra megin á enni var 3 cm löng grunn sprunga í húðina. Þá brotnaði hægri lærleggur um miðju. Ennfremur mun hann hafa hlotið alvarlegt lost. Við röntgenmyndun þegar eftir slysið var ekki hægt að greina brot á höfuðkúpu, en læknir sá, sem athugaði stefnanda á sjúkrahúsinu, telur sprungu vel geta hafa verið á höfuðkúpunni, þótt hún sæist ekki á þeirri einu yfirlitsmynd, sem tekin var af höfuðkúpunni. Ástand stefnanda var svo slæmt, að ekki þótti rétt að hreyfa hann nema það allra nauðsynlegasta, enda talið líklegast, að hann væri skaddaður á heila. Af þessum ástæðum hafi heldur ekki verið gert við lærbrotið með skurðaðgerð, sem þó hafi verið æskilegast. Nokkru eftir að stefnandi kom á sjúkrahúsið var tekið eftir því, að hann var heyrnarlaus á hægri eyra. Taldi fyrrgreindur sjúkrahússlæknir, að litlum efa væri bundið, að heyrnarleysið

stafaði af höfuðáverkanum. Stefnandi lá á sjúkrahúsi til 13. júlí 1950, er hann fór heim. Þann 5. október var stefnandi rannsakaður af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Var stefnandi þá heyrnarlaus á hægri eyra og hægri fótur hans um 2 cm styttri en sá vinstri. Sama dag var stefnandi skoðaður af sérfræðingi í eyrnasjúkdómum. Var stefnandi þá heyrnarlaus á hægri eyra og læknirinn taldi, að heita mætti fullvist, að heyrnartapið væri afleiðing slyssins.

Þann 18. desember 1950 mat Þórarinn Sveinsson læknir örorku stefnanda. Segir svo í vottorði hans:

„Um er að ræða áverka á höfuð, er valdið hefur, að því er virðist, varanlegu heyrnarleysi á hægri eyra. Ennfremur kvartar slasaði um suðu fyrir h. eyra og höfuðverk tæpum fimm mánuðum eftir slysið. Stytting er á hægri ganglim, mælist 1.5—2 cm eftir lærbrotið.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir tímabilið 26. maí til 13. júlí 1950	100% örorka
— — 13/7—13/8	75% —
— — 13/8—13/9	50% —
— — 13/9—13/10	30% —

Úr því 25% varanleg örorka.“

Þann 4 apríl 1951 var stefnandi aftur skoðaður af sérfræðingi þeim í taugasjúkdómum, sem fyrr greinir. Segir svo í vottorði hans:

„Við skoðun finnst: Upphafin heyrn á hægri eyra, sem virðist stafa af löskun á h. heyrnartaug. Það er stytting á h. neðra extr. um ca. 2 cm.

Það finnst ekkert annað neurologískt. Einkum finnst ekkert, sem bendir á skemmd á öðrum heilataugum.

Við endurtekna röntgenmyndun af höfuðkúpu var ekki hægt að greina brot. Það útilokar ekki fullkomlega, að um brot hafi verið að ræða. Sennilegast er, að blæðing hafi komið í innra eyra við höfuðáverkan. Það má teljast vafalaust, að heyrnarleysi sjúklingsins stafi af slysinu.

Ástand sjúkl. er óbreytt frá fyrri skoðun þ. 5/10 1950 og það eru ekki líkur til, að það muni breytast til batnaðar.“

Báðir hinir fyrrgreindu sérfróðu læknar hafa komið fyrir dóm í málinu og staðfest vottorð sín. Þá hefur sérfræðingurinn í eyrnarsjúkdómum lýst því yfir, að hann væri því sammála, sem greinir í því vottorði sérfræðingsins í taugasjúkdómum, sem að framan er rakið. Þá hafa þeir báðir talið, að heyrnarleysi þetta muni hvorki batna né verða bætt með aðgerðum. Þann 23. f. m. rannsakaði sérfræðingur í eyrnasjúkdómum enn stefnanda. Taldi hann enga breytingu hafa orðið frá því, sem áður getur.

Af hálfu stefnanda og foreldra hans er fullyrt, að hann hafi haft fulla heyrn á báðum eyrum fyrir slysið.

Stefnandi hefur fengið sérfræðing í tryggingarmálum til að reikna örorkutjónið samkvæmt fyrrgreindu örorkumati. Miðaði tryggingafræðingurinn við verkamannatekjur hér í bæ nú, en faðir stefnanda er verkaður. Áætlað er stefnanda engar tekjur til 17 ára aldurs, en 80% af fullorðins manns tekjum á sautjándra aldursári og bætir svo við 4% fyrir hvert ár, sem hann eldist, þannig að stefnandi nái fullum tekjum við 21

árs aldur. Samkvæmt þessu telur tryggingafræðingurinn örorkutjónið kr. 95.384.00.

Hefur stefnandi lagt þá fjárhæð til grundvallar í málinu og bent á, að ekki komi til mála að lækka hana vegna hins sívaxandi verðfalls peninga.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem alltof háum. Hann hefur sérstaklega mótmælt því, að heyrnarleysið sé afleiðing slyssins.

Þegar virt eru þau læknisálit, sem fram hafa komið í málinu um heyrnarleysi stefnanda og orsakir þess, þá þykir mega leggja það til grundvallar, að heyrnarleysið sé afleiðing slyssins, enda er ekkert fram komið, er bendi til, að stefnandi hafi þjáðst af því áður.

Með vísan til þess og þess, sem að framan er rakið um meiðsl stefnanda, örorku hans og hagi, þá þykir hæfilegt að meta tjón hans að þessu leyti kr. 95.000.00, og er þá höfð í huga kaupgjaldsvísitala í dag.

Um 2. Hér að framan hefur verið getið meiðsla þeirra, sem stefnandi hlaut við slysið, og sjúkdómsferils hans. Með hliðsjón af því, sem þar er rakið, og þegar þess er gætt, að stefnandi mun verða stinghaltur og heyrnarlaus á eyra, meðan hann lifir, þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðið kr. 15.000.00, eins og krafizt er.

Um 3 og 4. Liðir þessir hafa engum mótmælum sætt, að því er fjárhæðir varðar. Verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framangreindu telst tjón stefnanda af slysinu nema alls kr. 110.225.00 (95.000.00 + 15.000.00 + 150.00 + 75.00) og ber stefnda að bæta $\frac{1}{4}$ hluta þess eða kr. 88.180.00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga þær kr. 30.000.00, er stefnandi hefur þegar fengið greiddar. Verður stefndi því dæmdur til að greiða kr. 58.180.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4000.00.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna ber að taka til greina kröfu stefnanda um lögveð í bifreiðinni R 122 til tryggingar kröfum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Jón E. Kristjánsson, greiði stefnanda, Ólafi Árnasyni, f. h. Árna Ólafssonar, kr. 58.180.00 með 6% ársvöxtum frá 6. febrúar 1951 til greiðsludags og kr. 4000.00 í málskostnað. Á stefnandi lögveð í bifreiðinni R 122 til tryggingar kröfum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.